

## Minnisblað

**Til:** Skrifstofustjóra starfsstöðva og þróunar velferðarsviðs Kópavogsbæjar.

**Frá:** Lögfræðideild Kópavogsbæjar.

**Efni:** Umsögn um samning við Hrafnistu.

**Dags.:** 29. september 2024

Með erindi frá skrifstofustjóra rekstrar á velferðarsviði til innkaupadeildar var óskað eftir umsögn innkaupadeildar um hugmyndir um samning við Hrafnistu um daglega umsýslu og rekstur félagsstarf aldraðra í Boðanum, Boðapingi. Þá barst lögfræðideild beiðni um stutt álit á því hvort eitthvað mælt gegn því að fela Hrafnistu rekstur félagsstarfsins.

### I.

Upplýst er að í Boðapingi reki Hrafnista hjúkrunarheimili samkvæmt samningi til 10 ára við félagsmálaráðuneytið frá 2010 (Sjá One 0701168). Félagsstarf á sama stað er sögð sérhæfð félagsleg þjónusta með samlegðaráhrif við rekstur Hrafnistu á hjúkrunarheimili. Hrafnista reki sambærilega starfsemi víða á höfuðborgarsvæðinu. Um sé að ræða samning að verðmæti um 56,5 millj. á ársgrundvelli sem yrðu greiddar af Kópavogsbæ til Hrafnistu en auk þess myndi Hrafnista fá greitt frá notendum skv. verðskrá Kópavogsbæjar fyrir máltíð í þjónustumiðstöðinni.

### II.

Þar sem um félagsþjónustu er að ræða er miðað við að samningur um þjónustuna þurfi að fara í auglýsa skv. 1. mgr. 93. gr. laga um opinber innkaup nái verðmæti hans 109,4 milljónum. Samningur við Hrafnistu um félagsstarf til tveggja ára væri því útboðsskyldur en ekki til eins árs.

### III.

Samkvæmt 13. gr. laga um opinber innkaup eru samningar milli opinberra aðila undanskildir lögunum að nánari skilyrðum uppfylltum. Í því felst að ef Kópavogsbær gerir þjónustusamning við annan aðila sem telst opinber aðili þá gæti sá samningur verið undanþeginn útboðsskyldu. Meðal skilyrða í ákvæðinu er að samningurinn komi á *samvinnu* með það að markmiði að tryggja að hin opinbera þjónusta nái *sameiginlegum markmiðum*, samvinnan varði *almannahagsmuni* og opinberu aðilarnir annist *innan við 20% af starfseminni* sem samvinnan varðar. **Uppfylli fyrirhugaður samningur þessi skilyrði þá er ekki skylt að bjóða hann út opinberlega.**

Aðili sem stofnað hefur verið til í því skyni að þjóna almannahagsmunum og er að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga eða opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði, telst vera opinber aðili, skv. a. lið 2. mgr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Hrafnistuheimilanna er Hrafnista Kópavogi óhagnaðardrífín félagasamtök eins og önnur Hrafnistuheimili sem rekin eru af Sjómannadagsráði. Sjómannadagsráð er skipað af félögum sjómanna- og stýrimanna á höfuðborgarsvæðinu. Sambærileg starfsemi er rekin á Sléttuvegi í Reykjavík en félagsstarf annars staðar er rekið af sveitarfélögum. Hrafnista er aðili að rammasamningum Ríkiskaupa (nú Fjársýslu ríkisins) og hefur þannig verið litið svo

á að tekjur frá ríki og sveitarfélögum sé að rekstur sem að mestu leyti sé á kostnað ríkis eða sveitarfélaga eða rekstur Hrafnistu er fjármagnaður með opinberri fjármögnun sem nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði. **Hrafnista hefur þannig af Ríkiskaupum verið skilgreindur sem opinber aðili skv. lögum um opinber innkaup.**

ssf